


Jólablað
Eystrahorn

45. tbl. 40. árgangur



Mynd: Þorvarður Árnason



HÁTÍÐARMESSA

KÁLAFELLSSTAÐARKIRKJA
SUNNUDAGINN
18. DESEMBER KL. 14:00.
ALLIR VELKOMNIR

Jólabingó

Hið árlega jólabingó Kvennakórs Hornafjarðar verður haldið miðvikudaginn 28. desember kl. 16:00 í Nýheimum.

Fullt af veglegum vinningum.

Kvennakór Hornafjarðar



JÓLAHELGISHAÐ Í BJARNANESPRESTAKALLI

- 24. des. Hafnarkirkja kl. 18:00 Aftansöngur	- 26. des. Brunnhólskirkja kl. 13:30 Hátíðarmessa
- 24. des. Hafnarkirkja kl. 23:30 Tónlistarstund á jólanótt	- 26. des. Hoffellskirkja kl. 15:00 Hátíðarmessa
- 25. des. Bjarnaneskirkja kl. 14:00 Hátíðarmessa	- 31. des. Hafnarkirkja kl. 17:00 Aftansöngur
- 26. des. Hofskirkja kl. 11:00 Hátíðarmessa	

Upplýsingar má einnig finna á www.bjarnanesprestakalli.is

Óskum sóknarbörnum okkar og öðrum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi árum.

Pökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Guð blessi ykkur.

Sóknarnefnd Hafnarsóknar, sóknarprestur og starfsfólk

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Profarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



HORNAFJARÐARMEISTARAMÓTIÐ

í Hornafjarðarmanna verður í Ekrum fimmtudaginn 12. janúar kl. 20:00. Þátttökugjald 1500 kr. Allir velkomnir. Spilanevnd FeH.



Kæra Sindrafólk nær og fjar. Ökku bestu óskir um

GLEÐILEG JÓL OG HEILLARÍKT KOMANDI ÁR

Takk fyrir stuðning, samveru og Síndra minningarnar sem við höfum átt saman á árinu sem er að líða ogökkum til komandi árs og áframhaldandi Síndra anda í starfi og leik.

BESTU JÓLAKVEÐJUR UNGMEHFÉLAGIÐ SINDRI

Minning



Nú þegar líður að jólum þá koma ýmsar góðar minningar fram, mig langar að minnst frænda míns Páls Örvars Garðarssonar, sem lést á árinu, en hann hefði orðið 75 ára 18. desember. Palli eins og hann var kallaður var sonur Guðfinnu Bjarnadóttur og Garðars Sigmundssonar. Elsku frændi við vorum búin að hlakka mikið til að fara á sama tíma til Tenerífe 2. mars í ár eftir öll Covid19 leiðindin síðustu 2 árin.

Við hittumst rúmum mánuði fyrir áætlaða ferð og vorum að vona að þú yrðir búinn að safna nægum kröftum til að komast með, en örlögin voru önnur, í staðinn fórst þú inn á spítala þér var víst ætlað annað hlutverk.

Daginn eftir að við komum út eða 3. mars þá fengum við þær sorgarfréttir að þú hefðir kvatt þessa tilvist.

Það fer margt um hugann að leiðarlukum. Við vorum systrabörn á sama ári og mikill samgangur á milli heimila okkar, við lékum okkur mikið saman sem börn og fylgdumst að í barnaskóla og ýmislegt brallað eins og vísan, sem samin var um okkur segir.

Elma og Palli eiga stól upp í búðarglugga, hann á buxur hún á kjól hver veit hvað þau brugga. (Höf. Ragna Benediktsdóttir frá Sætúni)

Síðan tóku fullorðinsárin við og þú fluttir suður og eignaðist þína fjölskyldu sem þú varst svo stoltur af og tók brauðstritið og nóg að gera. Alltaf var gaman þegar við hittumst, þú hafðir þá náðargáfu að segja skemmtilega frá.

Eftir að við fluttum suður þá heyrðumst við og hittumst oft. Vorum svo heppin að eiga góðar stundir þó fáar væru með ykkur Jórinni í húsbílunum okkar. Þið voruð dugleg að ferðast um landið á húsbílunum sem þú varst svo stoltur af. Þú hafðir gaman af að rifja upp gamlar minningar ég á eftir að sakna þess að heyra ekki í þér, þegar þú hringdir þá heilsaðir þú alltaf sæl frænka mín hvað er að fréttu.

Minningin um góðan frænda og vin lifir.

Elma Stefanía Þórarinsdóttir.



Eystrahorn

Eystrahorn sendir lesendum, auglýsendum og samstarfsaðilum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

Jólablaðið 2022 er okkar síðasta tölublað og við þökkum kærlega fyrir stuðning og samstarf síðastliðin fimm ár. Við erum vongóð um að nýir aðilar taki við keflinu og óskum þess að þeim verði vel tekið.

Jólaþveðjur sendum við ykkur öllum.
Tjörvi Óskarsson, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir og fjölskylda.

„Enn hefur líf mitt lengst um heilan dag“

Íslenskur málsháttur hermir okkur að allt sé fertugum fært og sannarlega hefur fertugt fólk safnað sér þroska og reynslu sem léttir þeim lífsglímuna allajafna.

Með betri lífsgörum og lækningum en áður þekktist, lífa menn við meiri andlegan og líkamlegan þrótt. Það er spurning fyrir kór eldri borgara að endurskoða textann í gömlu húsgangsvísunni, sem kórinn syngur um æfiskeið mannsins en þar segir „átræður alls ónýtur“. Þetta mætti umorða fyrir fimmtugsafmæli Félags eldri Hornfirðinga sem komið er á fimmtugsaldur eftir vel heppnaða afmælishátíð sem haldin var fyrsta desember sl.

Við tökum heilshugar undir ljóð Vilborgar Dagbjartsdóttir „Viðhorf“ sem Guðbjörg Sigurðardóttir, núverandi formaður félagsins, vitnaði til í ávarpi sínu til lesenda afmælisrits eldri Hornfirðinga, en þar segir:

Á hverju kvöldi

hvísla ég glöð

út í myrkið:

Enn hefur líf mitt

lengst um heilan dag.

Ritið er vandað, fróðlegt og fallett, og sérstaklega dýrmætt fyrir þá, sem framvegis munu bætast í félagsmannahópinn, eða eru nýbyrjaðir og þekkja ekki fjörutíu ára sögu félagsins til hlítar.

Afmælishátíðin sjálf var vegleg og vel undirbúin með skemmtidagskrá og glæsilegu matarhlaðborði sem Hafdís Gunnarsdóttir átti veg og vanda að og síðast en ekki síst var endað með góðu balli með okkar frábæru hljómsveit, Ekrubandinu.

Við leyfum okkur að þakka vel fyrir þessa myndarlegu hátíðarsamkomu sem var öllum til sóma sem að henni stóðu.

Við erum nýir félagar í FeH og syngjum með Gleðigjöfum sem hafa starfað innan félagsins frá upphafi. Lengst af undir ötullinni sjórn Guðlaugar Hestnes, kórstjóra.

Megi félagið bera gæfu til að starfa um ókomin ár með sömu bjarsýni og dugnaði og hingað til.

Okkar bestu þakkir fyrir þessa fínu afmælishátíð.

Bjarney Pálína og Sævar Kristinn.

Kvenfélagið Vaka auglýsir

Jólaball í Mánagarði 27. des kl 16:30.

Frítt inn og allir velkomnir.

Árlega þriggja kvölda félagsvistin okkar er kl. 20:00 dagana 28. des, 4. jan og 11. jan. Aðgangseyrir 1500kr

Kvenfélagið Vaka

FRÁ FERÐAFÉLAGINU



Þriðjudaginn 27. desember býður ferðafélagið upp á myrkragöngu í Laxárdal. Nauðsynlegt er að hafa höfuðljós meðferðis. Hulda Laxdal Hauksdóttir leiðir gönguna.

Lagt verður af stað frá tjaldstæðinu á Höfn kl. 16:00, einnig er hægt að mæta við upphafsstað göngu við réttina við Laxá kl. 16:20.

Erfiðleikastuðull göngunnar er metin sem einn skór þar sem gangan verður stutt og á sléttlendi, en myrkið getur verið áskorun. Allir eru velkomnir í göngur ferðafélagsins, ef hundar eru með í för eru þeir á ábyrgð eiganda og taumur skal vera meðferðis.

Mikilvægt er að huga að veðurspá og haga klæðnaði í samræmi við hana. Gott getur verið að hafa heitt á brúsa og nauðsynlegt er að muna eftir höfuðljósinu. Þátttökugjald í göngur ferðafélagsins er kr. 1.000 fyrir einstaklinga, kr. 1.500 fyrir pör og frítt er fyrir 18 ára og yngri.

Láttu fara vel um þig
Úrval af hægindastólum og rúmunum,
fallegar og nysamlegar gjafir finnur þú hjá okkur

Opnunartímar

virka daga kl.13:00-18:00

Þorláksmessa opið til kl. 22:00

Aðfangadagur kl. 10:00-12:00

Verið velkomin

við tökum vel á móti ykkur



HúsgagnaVal

Húsgögn og gjafavörur

Símar:

478-2535 / 898-3664

Fyrir jól-Fyrir jól

Fyrst vil ég gjarnan orða þakklæti mitt fyrir að fá að gera það sem ég er að gera, að vera skólameistari í FAS og kynnst Höfn frá þeim sjónarhóli. Við hjónin, undirrituð og Tim Junge, fluttum hingað haustið 2018 og ætluðum að vera í hér í eitt ár, en Höfn heillaði og við erum hér enn. Tilgangurinn var að prufa að búa á landsbyggðinni. Tim er hollenskur og við höfðum búið í Den Haag og í Reykjavík, bæði mikil borgarbörn.

Bakgrunnur minn kemur úr listum og handverki en þróast á einhverjum tíma út í kennslu í mínum fögum, kjólasaum og myndlist, fyrst í grunnskóla og síðan í framhaldsskóla. Áhuginn var það mikill á kennslunni að ég kláraði framhaldsnám í kennslufræði. Listamaðurinn Magnús Pálsson hélt því fram að „kennsla væri geggjada listgreinin“ en Magnús var einn af mínum allra bestu kennurum í myndlistarnámi. Háskólanám í listum gerir miklar kröfur og kennir meðal annars hugmyndavinnu og skapandi hugsun, einnig hvernig þeim hugsunum er veittur farvegur og þær gerðar að veruleika (kannski listaverki). Þessi lærdómur hefur komið sér vel, í lífinu, í vinnu og áframhaldandi námi. Sem kennari og listamaður hef ég trú á því að sköpunarkrafturinn búi í okkur öllum, en við þurfum, eins og listamaðurinn, að tengjast honum og þar kemur nám til sögunnar. Grunnforsenda alls er sköpun, síðan ígrundun og að því loknu aðgerðir og afurð (sem getur verið listaverk). Í samfélaginu eins og það birtist í dag þá er mikið um mótun og auðveldar lausnir. Lausnir sem krefjast ekki frumkvæðis. Í öllu námi þá er það ekki alveg málið, það þarf að sýna fram á ákveðna hæfni og framkvæma ákveðna vinnu til að ná ásættanlegum árangri. Við sem sinnum kennslu erum vakin og sofin að kveikja þennan neista sem við vonum alltaf að verði mikið bál, neistann til náms og sköpunar. Það er ótrúlegt en þó get ég fullyrt að langflestir kennarar

sem ég hef átt samleið með brenna fyrir sínu starfi og hér segja kannski sumir og brenna líka upp. En það er önnur saga.

Í jákvæðri menntun er mikið talað um sjálfsákvörðunarkenningar og hvernig hægt er að fá nemendur til þess að taka þátt og finnast þeir vera gerendur í eigin lífi. Við getum líka sagt að viðfangsefnið sé að virkja þeirra eigin sköpunarkraft, gefa þeim hlutdeild og ákvörðunarrétt í eigin námi. Það er stefnan í FAS að framhaldsskólinn nýttist nemendum í því námi sem þeir velja sér og auki lífsgæði þeirra. Að námið leiði til sjálfstæðis í fjölbreytileika og leysi úr læðingi þann kraft sem leynist í nemendanum.

Mikilvægi þess fyrir samfélagið að það sé framhaldsskóli hér á Höfn er gífurlegur, en það er ekki sjálfgefið. Höfn er langt frá næsta fjölbýliskjarna og/eða framhaldsskóla. Það hlýtur að vera frábær kostur að þurfa ekki að senda börnin sín um langan veg, á ungum aldri til þess að stunda framhaldsskóla, sem er dýr og óhentugur kostur að mörgu leyti. Það er þó ekki svo að við sem vinnum í framhaldsskólanum sjáum ekki kosti þess að takast á við ný og krefjandi verkefni og þroskast af áskoruninni sem felst í því að fara úr foreldrahúsum. Heldur frekar, ef talað er hreint út, ef þeir sem búa hér kjósa ekki að sækja skólann okkar þá verður kannski í framtíðinni ekki sjálfsgætt að þessi kostur sé fyrir hendi. Ég hef heyrt frá reyndum mönnum, að einu sinni hafi það verið talið óumflýjanlegt að taka fyrsta framhaldsskóla árið sitt í heimabyggð. Ég legg þetta hér fram til umhugsunar.

Aðeins um það sem við erum að gera hér í skólanum. Það hefur farið fram mikið starf til þess að gera skólann að því sem hann er í dag. Í mótun er verknám í samstarfi við aðra skóla og fyrirtæki á svæðinu. Listnámið okkar er alltaf að þroskast og batna m.a. með auknu samstarfi við tónlistarskólann



Nemendur FAS á Hrekkjavöku



Mynd frá vísindadögum í FAS

á Höfn og Svavarssafn. Enn á ný verður FAS í samstarfi við Leikfélag Hornafjarðar um sviðsverk sem verður frumsýnt í vor. Eins og undanfarin ár er skólinn þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum og norrænum nemendaskiptaverkefnum. Eitt stærsta þróunarverkefnið innan skólans hefur verið að móta fjallamennskunámið, en sú vinna er á lokaspretti og bíðum við spennt eftir framvindunni sem ætti að vera ljós á vormánuðum. Eins erum við í óða önn að innrétta núvítundarherbergi og fyrir þá sem ekki vita er kennd núvítund og jóga í FAS, saumar verða líka kenndir í Vöruhúsinu en þar er einnig staðsett myndver, ljósmyndastúdíó og

FabLab.

Öll menntun er mikilvæg og unga fólkið í öllum sínum fjölbreytileika er okkur dýrmætt. Þau þurfa jú að hugsa um okkur seinna meir og taka við þráðum hugsana og framkvæmda sem skapa framtíðina.

Að lokum vil ég koma á framfæri þakklæti til þeirra sem höfðu vit og kraft til að stofna þennan skóla, halda honum gangandi og í sífelldri þróun, þróun sem heldur áfram. Menntun er leiðin að farsælli framtíð.

Ég óska öllum sem þetta lesa, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Kær kveðja,
Lind D. Völundardóttir

*Mínar bestu óskir til ykkar allra um
gleðileg jól og innilegt þakklæti til
allra nuddþeganna minna á
árinu sem er að líða.*

*Sveinbjörg Jónsdóttir
Nuddmeistari, svæðanuddari og
viðbragðsfræðingur, höfuðbeina
og spjaldhryggjarmeðferðaraðili.
Djáknaðandídat*

 **MÁLNINGARÞJÓNUSTA
HORNA**

*Óskum öllum Austur-Skaftfellingum
gleðilegra jóla og nýárs.
Þökkum viðskipting á árinu
sem er að líða.*



*Kæra samferðafólk
Okkar bestu óskir um gleðileg jól
og Guðs blessun í hvert hús.
Við hjá **Sólsker** þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.*

*Athugið að Sólsker hefur flutt matarsmiðjuna í
fullbúið löglegt húsnæði Skinneyjar-Þinganes.
Þar eru tæki Matís og allir eru velkomnir að nýta
smiðjuna*

*Hafið samband við
Ómar í síma 892-8945*



*Kæru vinir og ættingjar
Sendi ykkur mínar bestu jóla og
nýárskveðjur með þökk fyrir árið
sem er að líða*

Guðni Karls



Ungmennafélag Örefa

*sendir hugheilar óskir um gleðileg jól og
gæfurík komandi ár. Við þökkum samstarf
og þátttöku í viðburðum og starfi félagsins í
gegnum tíðina.*



Flugeldasala Björgunarfélags Hornafjarðar 2022

Fylgist með okkur á facebook-síðunni
Björgunarfélag Hornafjarðar þar sem salan
verður auglýst frekar þegar nær dregur.



**Opnunartími sölunnar fyrir áramót og
þrettándann:**

28. des kl. 16:00-22:00

29. des kl. 14:00-22:00

30. des kl. 12:00-22:00

31. des kl. 10:00-14:00

og einnig fyrir þrettándann

6. jan kl. 14:00-17:00

Aðventan og Kiwanis

Nú er aðventan gengin í garð og er hún annamesti tíminn í starfinu hjá Kiwanisklúbbnum Ós en þá er mikilvæg fjáröflun í gangi. Söfnunarfé er notað til að bæta samfélagið og gera það betra fyrir börnin okkar, en Kiwanishreyfingin hefur það markmið að hjálpa börnum í heimabyggð og reyndar í heiminum öllum.

Fyrir jólin seljum við jólatré, jólalakkrís, friðarkerti og jóladót í skóinn sem er nýtt verkefni en ágóði af því fer í verkefni í samráði við Grunnskóla Hornafjarðar. Við þökkum þeim fyrirtækjum sem komið hafa að verkefninu með auglýsingum á jólaskólkassann. Önnur nýjung er Jólaborp Kiwanis við Miðbæ með sölubásam ýmissa góðgerðarsamtaka og vonumst við að vel gangi svo það gæti orðið framhald á næsta ári. Við viljum sérstaklega að þakka fyrirtækjunum; Mikael, Þingvaði, Flytjanda, Ajtel, Martölvunni, Hans Christensen, Húsasmiðjunni sem og öllum klúbbfélögum sem lögðu hönd á plóginn við uppsetningu Jólaborpsins, þökkun á jólaskólkössum, skreytingu jólatrjáa, skógarhöggi í Steinadal og Hoffelli. Skógræktarfélag Suðursveitar hefur haft veg og vanda að skógrækt í Steinadal og þökkum við þeim fyrir að leyfa okkur að höggva furu. Ekki má gleyma Þrúðmari í Miðfelli sem valdi öll fallegu jólatrén í skógræktinni þar.

Ós styrkir 550.000 kr nú fyrir jólin gegnum Samfélagssjóð Hornafjarðar með Nettó inneignarkortum. Það væri ekki væri hægt nema vegna góðvildar og hugulsemi ykkar Hornfirðinga í garð náungans.

Kiwanishreyfingin hefur starfað á Íslandi síðan 1962 og fer starfsemin vaxandi. Það er þó alltaf hægt að taka á móti nýju og áhugasömu fólki en Kiwanis er með fjölbreytt klúbbstarf meðal bæði



karla og kvenna. Hér á Hornafirði er það karlklúbbur sem er starfandi en við höfum mikinn áhuga á því að stofna kvennaklúbb á svæðinu og efla þar með starfið enn frekar. Ávallt eru nýir félagar velkomnir í Kiwanis.

Kiwanis er alþjóðleg hreyfing sem starfar í þágu barna og er Kiwanis Children Fund sjóður Kiwanis International fljótur að bregðast við þar sem er þörf t.d. vegna stríðshörmunga. Það má nefna að Ós gaf fyrir á þessu ári veglega í sérstaka söfnun sem gerð var hjá öllum Kiwanisklúbbum í

Evrópu vegna átakanna í Úkraínu.

Kæru Hornfirðingar – um leið og við þökkum fyrir frábærar undirtektir við fyrri fjáraflanir þá biðjum við enn á ný um vinsemd og hlýjar móttökur fyrir þessi jól. Um leið erum við að styrkja bæði samfélagið okkar og eins þar sem þörf er á. Það veitir okkur öllum gleði að geta hjálpa. Við óskum öllum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Kiwanisklúbburinn Ós

Félag eldri Hornfirðinga óskar félagsfólki sínu og velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samveruna á árinu sem er að líða.

Hittumst hress á nýju ári!



Við hjónin sendum Hornfirðingum, vinum, samstarfsfólki og nemendum, okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Takk fyrir samverustundirnar á árinu sem er að líða þær hafa svo sannarlega gert lífið betra.

Kristín G. Gestsdóttir og Jóhann Morávek



Ættingjar og vinir um land allt. Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Innilegt þakklæti fyrir allt gott á liðnum árum.

Fjölskyldan Stapa



Kæru ættingjar og vinir. Sendum okkar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir árið sem er að líða.

*Hátíðarkveðjur
Siggi og Gugga*



Badmintondeild Sindra

Badminton deild Sindra þjónustar almennri lýðheilsu og hreysti. Hún samanstendur af fólki á öllum aldri sem kemur saman tvisvar í viku og spilar sér til ánægju. Í síðustu viku var skemmtilegt jólamót þar sem 10 vaskir keppendur mættu til leiks. Dregið var um völl og spiluðu allir með öllum 5 leiki. Eftir þessa 5 leiki voru tekin saman stigin og efstu 5 spiluðu um 1-5 og neðri 5 um 6-10. Skemmtilegt fyrirkomulag sem gefur öllum mikla möguleika á að vinna. Sigurvegarar mótsins voru Sigfinnur Már Þrúðmarsson í fyrsta sæti, Sigurborg Jóna Björnsdóttir í öðru sæti og Kristján Örn Ebenezarson í því þriðja.

Badminton deildin er opin fyrir alla og hvetur fólk til þess að koma og vera með. Starfið byrjar aftur á nýju ári og eru æfingar á fimmtudagskvöldum kl.20:20 og sunnudögum kl. 13:20.



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Hornfirðingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Heyrumst á nýja árinu.



Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - www.heyrn.is - NÝTT -vefverslun.heyrn.is

Við óskum öllum Hornfirðingum nær og fjær, gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

Hótel Smyrlabjörg



*Kæru ættingjar og vinir,
bestu óskir um gleðileg jól, gott og heillarikt komandi ár
með þakklæti fyrir það liðna.*

Lóa í Hjarðarnesi



*Óskum viðskiptavinum og Hornfirðingum
öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin
á liðnu ári*



Efnalaug Dóru

*Kæru ættingjar og vinir
Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi
ár. Með þökk fyrir árið sem er að líða.*

*Jólakveðja
Eygló og Ásgeir*



*Sendum íbáum í
Ríki Vatnajökuls bestu
jóna- og nýárskveðjur*

Milk Factory
GUESTHOUSE

*Óska viðskiptavinum og
Hornfirðingum gleðilegra jóla og
farsæls nýs árs.
Þakka viðskiptin á árinu
sem er að líða*

RH-LAGNIR
PIPULAGNAVERKTAKI



Annáll Náttúrustofu Suðausturlands 2022

Náttúrustofa Suðausturlands var stofnuð árið 2013 og fagnar því 10 ára afmæli á næsta ári. Stofan hefur aðsetur á Höfn í Hornafirði en einnig á Kirkjubæjarklaustri. Breyting varð í brúnni núna í ár en Kristín Hermannsdóttir, sem hefur verið við stjórnvölinn frá stofnun stofunnar, lét af störfum og við forstöðumannsstöðunni tók Lilja Jóhannesdóttir sem hefur starfað hjá stofunni frá árinu 2018. Við þökkum Kristínu fyrir samstarfið og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Að vanda voru verkefni stofunnar fjölbreytt árið 2022 en áherslan er þó engu að síður alltaf mest á þá náttúrufarslegu þætti sem eru einkennandi fyrir starfssvæði hennar. Jöklarannsóknir hafa ætíð skipað stóran sess og var árið í ár engin undantekning. Rannsóknir á jöklunum eru af ýmsum toga. Nefna má mælingar á sporðastöðu jökla sem skriða frá suðaustanverðum Vatnajökli, stafræn hnitun jökuljaðra Vatnajökuls til þess að ákvarða flatarmálsbreytingar milli ára á þessu stærsta jökulhveli Íslands og kortlagning og skráning landmótunar framan við jöklana. Í þetta land hafa jöklarnir skráð sögu sína og atburðarás jökulhopsins síðustu 130 ár. En landið er þögult og það er okkar að ráða úr og raða saman brotum í rétta röð til þess að skilja söguna. Í lok nóvember kom út grein í erlendu vísindatímariti þar sem framvinda landbreytinga á Breiðamerkursandi, í kjölfar þess að Breiðamerkurjökull hopar ört, er útskýrð. Sömuleiðis er fylgst með þróun jökullóna. Þau stækka stöðugt í kjölfar þess að jöklarnir hörfa. Öll þessi gögn sem safnast til er m.a. komið fyrir í alþjóðlegum gagnagrunni um jökla á jörðinni. Gagnagrunnurinn samanstendur af upplýsingum sem mikill fjöldi vísindamanna og nemenda þeirra hafa safnað í gegnum tíðina. Þar hafa lærðir og leiknir beint aðgengi að þeim, og þau nýtast í rannsóknir. Sagan er alls staðar sú sama, jöklar eru alls staðar að gefa undan hlýnandi loftslagi. Í sumar var haldið áfram með kortlagningu á botni og dýpt Jökulsárlóns. Í verkið, sem er samstarfsverkefni Náttúrustofunnar, Háskóla Íslands, Landsvirkjunar og Veðurstofunnar, er notaður fjölgeislamælir. Slíkt tæki skannar botninn og gefur afar skýra mynd af lögun hans. Ásamt því fást upplýsingar um hvað lónið er djúpt og dýptarbreytingar. Vitað er að síðustu áratugi hefur lónið verið dýpst sunnan við ísstálið, þar sem að kelfir af jöklinum í lónið. Þar var vænst að dýpi gæti mælst um 300 m. Nú er hins vegar tekið að grynast þar, og því ljóst að jökullinn hefur horfið frá þar sem rennan er dýpst.

Áfram var áhersla á að fylgjast með



Lilja Jóhannesdóttir og Rannveig Rögn Leifsdóttir, starfsmenn stofunnar, á leið til botnsýnatöku á Birni Lóðs þann 31. mars 2022. Mynd: Vignir Júlíusson

skúmunum og helsingja en Suðausturland er helsta höfuðvígi þessara tegunda. Hjá báðum tegundunum greindist fuglaflensa í ár og lék hún þær báðar grátt, ekki hvað síst skúminn sem mátti illa við slíku því staða hans undanfarin ár hefur verið slæm. Á ferðum starfsmanna stofunnar í sumar fundust 40 dauðir skúmar, þá má ljóst vera að fjöldi fugla hafi drepist sem ekki hafi fundist. Fyrstu dauðu fuglarnir fundust strax í maí og héldu áfram að finnast yfir sumarið. Skúmurinn yfirgefur landið í lok sumars og heldur til hafs þar sem hann dvelur yfir veturinn. Í haust fréttist af fjölda skúma sem settust á skip Landhelgisgæslunnar og drápu þar, alla vega 4 þeirra greindust með fuglaflensu, og því ljóst að flensan gekk ekki yfir í sumar. Við litmerkingar á helsingja í miðjum júlí sáust fuglar á Mýrum sem báru þess merki að vera smitaðir flensu og í kjölfarið fóru að berast fréttir af veikum og dauðum helsingjum víðar að í Sveitarfélaginu Hornafirði. Áfram héldu að berast upplýsingar um dauða helsingja og seinni part ágúst og byrjun september gerði Náttúrustofan, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun, úttekt á umfangi helsingjadauðans. Í heild fundust 45 dauðir fuglar og 7 sjáanlega veikir, minnihluti fuglanna voru nýdauðir sem benti til að flensan hafi geisað fyrr um sumarið og hafi mögulega rénað. Því miður bærust fréttir nú um miðjan desember frá vetrarstöðvum helsingjans í Skotlandi að þar sé ástand vegna fuglaflensu orðið mjög slæmt og helsingjar séu að drepast í hundradatali og ekki neitt lát þar á.

Í upphafi árs hlaut stofan ásamt Landgræðslunni áframhaldandi styrk frá Loftslagssjóði til að vinna verkefni sem hófst í fyrra og byggir á kerfisbundnum gasflæðimælingum á þurrlendisjarðvegi í

Skaftárhreppi. Hingað til hafa rannsóknir á losun, eða bindingu gróðurhúsalofttegunda úr jarðvegi verið af skornum skammti og oft miðað við erlendar niðurstöður eða einfalda losunarstuðla þegar verið er að meta kolefnisbúskap landflokka. Landnotkun er einn af stærstu losunarþáttum en talið er að rekja megi um 65% losunar á Íslandi til landnotkunar. Í ljósi þess skamma tíma fyrir viðsnúning í loftslagsmálum er aðkallandi að stóruka mælingar á þessu sviði þannig fæst fljótt gróf mynd af kolefnisbúskap svæðisins. Nú hefur stofan verið með samfelldar gasflæðimælingar síðan í apríl 2021 og er úrvinnsla niðurstaða hafin og benda frumniðurstöður til kolefnisflæðimælinga frá árinu 2021 að yfirleitt sé frekar meiri binding heldur en losun, þegar mælt er. Frumniðurstöðum þarf þó alltaf að taka með fyrirvara þar sem á eftir að vinna gögnin betur og yfirfæra þau á allan sólarhringinn allt árið með tilliti til umhverfisþátta svo sem inngeislun sólar, hitastig í jarðvegi og lofti og rakastigs. Miðað við aðrar sambærilegar mælingar víðar um land virðist mólendi á Íslandi almennt vera að losa CO₂. Ef satt reynist þá bera mælingar í Skaftárhreppi merki um að land þar sé í betra ástandi en almennt gerist hér á landi, en ýmislegt getur komið þar inn í svo sem veður- og tíðarfar, jarðvegsgerð, hófleg beit o.s.frv. Nauðsynlegt er að halda mælingum áfram til að fá inn breytileika milli ára og því leggjum við áherslu á áframhald verkefnisins. Með þessum niðurstöðum höfum við raunveruleg gögn um kolefnisbúskap mældra landflokka og þannig er hægt að kortleggja hvar jarðvegur er að losa kolefni og hvar það binst. Slík gögn nýtast sveitarfélögum sem og landeigendum öðrum í skipulagsmálum við áætlanagerð um breytta (og bætt) landnýtingu, þannig að ávallt dragi úr losun eða auki bindingu



Snævarr Guðmundsson frá Náttúrustofu og Andri Gunnarsson hjá Landsvirkjun á leið í dýptarmælingar á Jökulsárlóni þann 24. júní 2022. Mynd: Lilja Jóhannesdóttir

t.d. með útbreiðslu náttúruskóga, minnka beitarálag, við val á framkvæmdarsvæðum o.s.frv. Síðast en ekki síst nýtast gögnin í nákvæmara kolefnisbókhald fyrir sveitarfélög og skuldbindingar ríkisins gagnvart loftslagsbókhaldi Sameinuðu þjóðanna. Náttúrustofan og Landgræðslan hafa átt í góðu samstarfi með fleiri verkefni en kolefnisflæðismælingar, t.d. höfum við sinnt í nokkur ár verkefninu Bændur græða landið í Skaftárhreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig vinnum við saman stórt verkefni sem nefnist Grógos sem miðar að því að finna gróður og plöntutegundir sem standast álag sem jökulhlaup valda og eru öflugar til að binda fok gosefna. Það verkefni er unnið í Skaftárhreppi enda eru þar svæði sem eru oft illa leikin af jökulhlaupum. Verkefnið er nú á lokametrunum og mun ljúka á fyrstu mánuðum næsta árs.

Áfram beindum við sjónum okkur að smádyrafánunni og héldum úti fiðrildagildrum okkar sem staðsettar eru í Einarsslundi hér á Höfn og í Mörtungu í Skaftárhreppi. Úrvinnsla aflans er enn í fullum gangi. Síðan árið 2019 höfum við haft úti þrjár pöddugildir í mismunandi búsvæðum. Ein þeirra er nærri fiðrildagildrunni í Einarsslundi í skóglendi, ein í graslendi þar nærri og þriðja gildran er við bakka Þveitarinnar. Gildirnar eru

hafðar í mismunandi búsvæðum til að skoða breytileikann þar á milli. Árið í ár var fjórða sumarið sem gildirnar eru úti en verkefnið er hugsað sem langtímavöktun með það að sjónarmiði að skoða breytingar milli ára og fara gagnaseriurnar óðum að gefa okkur spennandi upplýsingar. Í fyrra fórum við af stað með kortlagningu á útbreiðslu tröllasmiðs, en það er bjöllutegund sem finnst einungis hér í Hornafirði af öllum heiminum. Þá leituðum við meðal annars til almennings og óskuðum eftir upplýsingum ef fólk hefði orðið vart tröllasmiðs. Það fékkst talsverður fjöldi svara og þökkum við fyrir það. Í sumar fór aðalhluti verkefnisins fram þar sem notast var við fallgildir til þess að kortleggja útbreiðslu hans. Þá er litlum dollum komið fyrir ofan í jörðinni þannig efsta brún þeirra nemi við yfirborðið og þær hafðar opnar yfir nótt. Næsta dag er þeirra vitjað og athugað hvort tröllasmiður hafi fengist í gildruna. Úrvinnsla verkefnisins er að ljúka og kemur skýrslan út á næstu dögum.

Árið 2019 hófst viðamikið samstarfsverkefni milli náttúrustofa landsins, en þær eru átta talsins, og Náttúrufræðistofnunnar Íslands sem ber heitið Vöktun náttúruverndarsvæða. Verkefnið var fyrirferðarmikið í starfi stofunnar í sumar enda mikilvægt þar sem

áherslan er á að vakta náttúruna á þeim svæðum sem njóta sérstakrar verndar vegna sérstæðs náttúrfars. Í sumar vöktuðum við mófugla á átta sniðum sem dreifast frá Skeiðarársandi, austur að Dynjanda. Tókum gróðursnið og jarðvegssýni á sjö svæðum á milli Kolgrímu og Hornafjarðarfliðs, skoðuðum jarðminjar á þremur svæðum nærri Höfn og vöktuðum varpárangur og stofnstærð skúms á Breiðamerkursandi og í Ingólfshöfða. Einnig tókum við þátt í tveimur námskeiðum sem haldin voru í tengslum við verkefnið, annað sneri að gróðurgreiningu og var haldið í Reykjavík og hitt var um vöktun lífríkis í fjörum en á næsta ári verður farið að stað með slíkt.

Hér hafa verið talin upp nokkur þeirra stærri verkefna sem áttu hug okkar árið 2022 en þó er fjöldi annarra verkefna sem við sinnum. Það væri of plássfrekt að gera þeim öllum ítarleg skil en hér er þó stiklað á nokkrum þeirra. Í mars unnum við úttekt fyrir Vegagerðina á botndýralífi á fyrirhuguðu losunarsvæði botnsets sem upp kæmi við dýpkun Grynslanna við Hornafjarðarós. Var sú úttekt unnin í góðu samstarfi við starfsmenn Hornafjarðarhafnar og þökkum við þeim aðstoðina. Í byrjun apríl fórum við í hreindýratálingar á svæðum 8 og 9 fyrir Náttúrustofu Austurlands en dýrmætt er fyrir náttúrustofurnar að vera í góðu samstarfi sín á milli. Í sumar fengum við gróðursérfræðing frá Náttúrustofu Austurlands til að annars vegar aðstoða við gróðurgreiningar í Vöktun náttúruverndarsvæða og hins vegar að taka út ástand gróðurs á vinsælum ferðamannasvæðum á Breiðamerkursandi fyrir verkefni sem við erum að vinna fyrir Vatnajökulsþjóðgarð í samstarfi við Nýheima þekkingarsetur. Snemma sumars voru sett upp þrjú skilti á vegum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem sýna örnefni á eyjum og fjöllum við Hornafjörð og Skarðsfjörð en Náttúrustofan sá um myndatöku og að finna örnefni fyrir skiltin. Að vanda var Skúmey heimsótt í byrjun sumars og helsingjavarpið þar metið, ennþá á sér stað fjölgun í eygni en það virðist þó vera að hægjast á henni. Einnig merktum við helsingja um mitt sumarið og þökkum við þeim fjölda sjálfbóðaliða sem aðstoðuðu við það. Í lok ágúst var haldið upp á 20 ára afmæli Nýheima og við það tilefni kynntu þær stofnanir sem hafa aðsetur í byggingunni starf sitt og var ánægjulegt hversu mikill fjöldi gesta kom og fagnaði með okkur.

Látum hér staðar numið við þessa yfirferð ársins 2022 og óskum við öllum velunnurum Náttúrustofu Suðausturlands gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Hlökkum til samstarfs á nýju ári.

*Fyrir hönd starfsmanna,
Lilja Jóhannesdóttir forstöðumaður*



Hólmfríður Jakobsdóttir, starfsmaður stofunnar, og Guðrún Óskarsdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Austurlands, við gróðurgreiningar 8. júlí 2022. Mynd: Lilja Jóhannesdóttir

Hvað er Ungmennafélagið Sindri?

Mikill metnaður og auður býr í félaginu okkar, Ungmennafélaginu Sindra. Frá því að ég hóf störf í janúar hefur starfið verið ákaflega krefjandi en á sama tíma spennandi og ekki síst gefandi. Verkefni eru fjölbreytt og enginn dagur er eins. En hvað er Ungmennafélagið Sindri? Jú við erum þjónustu fyrirtæki sem er rekið af sjálfbodaliðum og einum starfsmanni. Okkar hlutverk í samfélaginu er gríðarlega stórt og jafnvel stærra en margir gera sér grein fyrir. Félagið þjónustar íbúa sveitarfélagsins á vettvangi lýðheilsu og hreyfingar, uppeldis og fræðslu og ekki síst á vettvangi hamingju og velferð einstaklingsins. Margir velta kannski fyrir sér hvað ég meina með orðinu hamingju en starfið sem fer fram innan félagsins hefur áhrif hvort sem það er iðkandinn sem kemur á æfingu og stofnar til vináttu sem fylgir honum allt sitt líf, aðstandendur iðkandans sem taka þátt í starfinu og sjá börnin sín blómstra, þjálfararnir sem leggja metnað í fag sitt og uppskera eftir því, stuðningsmenn sem mæta á keppnisviðburði og byggja upp Sindrahjartað og ekki síst íbúar sveitarfélagsins sem njóta samfélags þar sem jákvæðni, hreysti og forvarnargildi félagsins skilar einstaklingum út í samfélagið með einstaka borgaralega vitund. Allt þetta stuðlar að hamingju og velferð einstaklingsins og er slíka upplifun ekki hægt að meta til fjár.

Hjá félaginu eru starfandi átta deildir sem sinna barna- og unglíngastarfi og eru það badminton, blak, fimleikar, frjálsar, knattspyrna, körfubolti, sund og rafíþróttir. Á afreksstigi erum við með blak, frjálsar, rafíþróttir og stóru deildirnar okkar knattspyrnu og körfubolta. Almenni flokkurinn þar sem er hugað að almennri lýðheilsu fer ört stækkandi og eru það badminton, blak, sund, knattspyrna, körfubolti og frjálsar sem sinna þeim vettvangi í dag. Hjá félaginu starfa 33 þjálfarar og aðstoðar þjálfarar í

hluta- eða fullu starfi og erum við ákaflega stolt af því að hafa vel menntaða og reynda þjálfara innan okkar raða. Sú fagmennska og metnaður sem býr í okkar fólki er ómetanlegur og skilar sér áberandi í frammistöðu og vellíðan iðkenda okkar. Heildar iðkenda fjöldi félagsins eru 337 iðkendur og af þeim eru 206 á grunnskólaaldri eða um 87% grunnskólabarna á Höfn. Þá eru 47 í afreksstarfi og 84 iðkendur í almenna flokknum. Gaman er að segja frá því að yngsti iðkandi er 3 ára og elsti 69 ára. Ábyrgðin er því gríðarlega mikil og krafa um faglegt og fyrirmyndarstarf eitthvað sem við hjá félaginu teljum okkur vera að koma til móts við og höldum áfram að efla og bæta.

Okkar helstu áskoranir og markmið

Þegar við metum starfið okkar og umhverfið og horfum á okkar helstu áskoranir er staðsetning okkar stærsta áskorunin. Fjarlægð okkar sveitarfélags til þess næsta leiðir til þess að erfitt hefur reynst að fá fagfólk til starfa. Fjarlægðir í keppnir eru miklar og kostnaðarsamar og setja sinn toll á foreldra og iðkendur. Af hverju erum við þá að þessu? Vegna þess að við viljum veita okkar iðkendum jöfn tækifæri til iðkunnar og keppni á við aðra iðkendur á landsvísu. Við viljum að þau njóti þeirrar þjálfunar, fái þann stuðning og tækifæri til þess að vaxa sem einstaklingar og íþróttafólk og gera það sem þau hafa ánægju af. Markmið okkar er því skýrt og í samræmi við gildi félagsins, Metnaður, Samvinna og Heiðarleiki. Markmiðið er að veita öllum iðkendum félagsins framúrskarandi þjónustu og jöfn tækifæri til iðkunnar á landsgrundvelli. Félagið vinnur hart að markmiði sínu en það er ljóst að fjármagn spilar stóran þátt í að ná markmiðinu og hefur það reynst okkar stærsta áskorun. Við erum ákaflega þakklát fyrir stuðning samfélagsins, sveitarfélagsins og fyrirtækja sem sjá þá verðleika og gildi sem felast í

okkar starfi og vonumst til að sá stuðningur haldi áfram um ókomin ár. Metnaðarfulla og faglega starfið sem er innan okkar raða er að skila okkur körfuknattleikslíði í 1. deild sem bankar upp á hjá efstu deildinni, við erum með knattspyrnulið karla í 2.deild og kvenna lið sem er í mikilvægri uppbyggingu með afburðarstelpur og landsliðsefni innan raða. Við erum að sjá unga fólkið okkar fá tækifæri í landsliðshópum, liðum í efri deildum á Íslandi og erlendis sem og tækifæri til menntunnar á grundvelli íþróttaiðkunnar erlendis. Við erum að springa úr stolti yfir árangri Sindrafólksins okkar og sem lítið afskekkt samfélag úti á landi eigum við að vera það! Starfið og umgjörðin sem við höfum byggt upp er að vekja athygli meðal íþróttahreyfingarinnar og eru iðkendur Sindra til fyrirmyndar hvert sem þau fara. Kæra Sindrafólk verum stolt, við eigum hrós skilið fyrir okkar metnað og framlag og höldum áfram því gífurlega mikilvæga starfi sem við höfum sinnt fram að þessu og gerum gott betur!

Saga Sindra

Ungmennafélagið Sindri var stofnað árið 1934. Síðan árið 1992 hefur staðið til að skrifa bók um sögu félagsins og tókst sá áfangi á þessu ári með útgáfu á bókinni „Félag unga fólksins – Saga Ungmennafélagsins Sindra 1934-1966.“ Höfundur bókarinnar er Hornfirðingurinn Arnþór Gunnarsson og er bókinn stórmerkileg heimild um starfsemi ungmennafélagsins í vaxandi byggðarlagi og sýnir hversu víðtæk starfsemin



Gísli Vilhjálmsson með sögu Sindra



var en hún spannaði allt frá fræðslufundum og skólahlaldi til íþróttakeppna. Höfundur las úr bókinni á rithöfundakvöldi Menningar- miðstöðvar Hornafjarðar og haldið var svo formlegt útgáfu teiti á afmælisdegi félagsins 1. desember í félagsheimilinu Heklu. Formleg dagskrá átti sér stað með hóp af Sindrafólki sem var samankomið að fagna þessu merka áfanga félagsins.

Ritnefndin þakkar öllum þeim sem studdu við bakið á útgáfu bókarinnar og horfir björtum augum fram á við með bindi tvö í sjónmáli.

Að lokum langar mig til þess að hrósa og þakka öllu því frábæra fólki sem vinnur sjálfbodavinnu fyrir félagið á hverjum degi, þeim þjálfurum sem leggja metnað sinn í starfið og gefa sig alla í að auðga starfið svo um munar og iðkendum og fjölskyldum þeirra sem eru undirstaða þess að við getum mætt og unnið okkar vinnu. Þá tökum við fagnandi á móti öllum þeim sem vilja leggja starfinu lið á einn eða annan hátt og hvetjum íbúa til að vera með okkur í liði Sindra. Líkt og í stefnu sveitarfélagsins höldum við áfram að fjárfesta í innviðum og fólkinu okkar og eru tækifæri til áframhaldandi vaxtar gríðarlega mikil. Framtíðin er björt og ekki síst spennandi hjá Ungmennafélaginu Sindra!

Með von um gleði og frið um jólni og heillarík komandi ár.

*Margrét Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri
Ungmennafélagsins Sindra*



*AFL Starfsgreinafélag, stjórn og
starfsfólk, óskar þér og fjölskyldu þinni
gledilegra jóla og farsæls
komandi árs.*



Uppgjör hauststarfa í sauðfjárrækt í Austur-Skaftafellssýslu 2022

Þátttaka í lambadómum í Austur-Skaftafellssýslu var með minnsta móti í haust. Tæp 32% færri lömb voru dæmd 2022 miðað við árið 2021. Dæmd voru alls 2004 lömb, þar af 437 lambhrútar og 1567 gimbrar.

Vænleiki lamba var heldur lakari miðað við síðasta ár enda var það ár einstakt. Lambhrútar voru að meðaltali 47,9 kg, með 17,8 í lærastig og með 84,8 heildarstig. Ómvöðvi var að meðaltali 29,9 mm, ómfita 3,0 mm og lögun 4,0. Gimbrar voru 41,7 kg að meðaltali, með 17,4 lærastig, 28,6 mm bakvöðva, 3,0 mm ómfitu og lögun 3,9.

Alls voru 57 lambhrútar með 87,0 heildarstig og þar af var þrír með 88,5 heildarstig og níu með 88,0 heildarstig. Þrír efstu lambhrútar sýslunnar eru frá þremur búum og voru allir með 88,5 heildarstig. Í þriðja sæti er lambhrútur númer 17 frá Fornustekjum með 56,0 fyrir alls 2 sem er samanlögð stig fyrir háls/herðar, bringu/útlögur, bak, malir og læri og 33 mm bakvöðva. Hann er undan Bæti 20-040 Drekasyni 13-953 og móðurföðurfaðir er Hvati 13-

926. Í öðru sæti er lambhrútur númer 7121 frá Setbergi. Hann var með 56,0 fyrir alls 2 og með 35 mm bakvöðva. Hann er undan Lúkas 20-503 sem er sonarsonur Salamons 10-906 og Björt 17-712 sem er undan Berg 13-961. Gaman að geta þess að Björt 17-712 átti einnig verðlaunalambhrút í öðru sæti í fyrra, 2021.

Í fyrsta sæti er lambhrútur númer 274 frá Viðborðsseli með 88,5 heildarstig, 57,0 fyrir alls 2, 39 mm ómvöðvi, 3,6 mm ómfita og 5,0 í lögun. Hann var 61 kg. Lambhrútur 274 er undan Gimli 20-876 og í móðurætt er Bergur 13-961 á bak við hann. Lambhrútur 274 frá Viðborðsseli er handhafi Guðjónsskjaldarins haustið 2022.

Verðlaunahrúturinn Viðborðsseli númer 274 var með þykkasta bakvöðvann, 39 mm og tveir lambhrútar náðu 38 mm bakvöðva. Númer 3 frá Brekku undan Landa 18-506 Óðinssyni 15-992 og númer 2149 frá Fornustekjum undan Galla 20-875. Í meðfylgjandi töflu má sjá efstu lambhrúta í sýslunni.

Stigahæsta gimbrin haustið



Erla og Bjarni bændur í Viðborðsseli eru handhafar Guðjónsskjaldarins árið 2022

2022 er númer 22-201/7122 og er frá Setbergi með 37,0 stig alls. Hún er tvílembingur á móti lambhrútnum 7121 sem var í öðru sæti. Hún var 49 kg, 30 mm ómvöðva, 10,0 fyrir frampart og 19,5 fyrir malir/læri. Alls voru 37 gimbrar með 36,0 í heildarstig. Tvær gimbrar náðu 38 mm bakvöðva og báðar frá Brekku. Önnur númer 22-280 undan Gimli 20-876 og hin númer 167 undan Galla 20-875. Í meðfylgjandi töflu

má sjá stigahæstu gimbrarnar sýslunnar.

Það var mikið af góðum hrútsefnum og gimbrum sem dæmd voru í haust í Austur-Skaftafellssýslu og verður spennandi að sjá hvernig þau munu reynast í ræktunarstarfinu á komandi árum.

Fanney Ólöf Lárusdóttir,
Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins

Stigahæstu gimbar í Austur-Skaftafellssýslu 2022

Heiti bú	Lnr.	FNR	Nafn	B	G	L	Faðir	b	Ómv	Ómf	Lögun	Fl	Fp	Læri	Ull	Sr	Alls	
Setberg 1	7122	22-201		2	2	10	20-503	Lúkas	49	30	4,5	4,0	10,0	19,5	7,5	9,0	37,0	
Fornustekkar II	0027	22-002		3	3	10	21-451	Snöggur	50	27	3,6	4,0	10,6	19,5	8,0	8,5	37,0	
Svínafell 2 og 4	1112			1	1	10	21-479	Órvar	47	36	2,1	5,0	11,1	9,0	18,5	9,0	8,5	36,5
Viðborðssel	0220			1	1	10	17-844	Viðar	46	35	4,3	5,0	10,8	9,5	19,0	8,0	8,5	36,5
Hestgerði	0011			2	1	10	17-844	Viðar	51	35	3,1	5,0	10,9	9,5	19,0	8,0	8,5	36,5
Svínafell 2 og 4	0794			3	1	10	20-474	Lífssill	43	35	3,2	5,0	10,9	9,5	19,0	8,0	8,5	36,5
Nypugarðar	0248			2	2	20	20-593	Svarti Pétur	41	33	3,5	4,5	10,4	9,0	19,5	8,0	8,5	36,5
Svínafell 2 og 4	0303			3	2	10	20-474	Lífssill	51	33	2,4	5,0	11,0	9,5	19,0	8,0	9,0	36,5
Skaftafell 2	0169	22-235	Glöð	2	1	10	21-003	Höfði	50	32	5,7	4,0	10,5	9,5	19,0	8,0	8,5	36,5
Nypugarðar	0381			2	2	12	18-581	Lækur	46	32	3,4	4,5	11,0	9,5	18,5	8,5	8,5	36,5
Lilla-Hof	0656	22-462		2	2	10	21-558	Hryggur	51	32	4,1	4,5	10,6	9,5	18,5	8,5	8,5	36,5
Svínafell 3	0048	22-203	Lóa	2	2	10	20-517	Ljufur	44	31	4,4	4,0	10,4	9,0	19,0	8,5	8,5	36,5
Nypugarðar	0410			3	2	12	16-558	Fjandi	46	30	4,8	4,5	11,0	9,5	19,0	8,0	8,5	36,5
Hestgerði	0013			2	2	10	17-844	Viðar	50	30	2,8	4,0	11,0	9,5	19,0	8,0	9,0	36,5
Svínafell 2 og 4	0202	22-807		2	2	10	19-849	Kostur	54	29	6,6	4,0	10,9	9,5	19,0	8,0	9,0	36,5
Breiðabólst 4 -Hall-	0307	22-041	Vilja	2	1	11	21-147	Tindur	52	28	4,6	4,0	10,7	9,5	19,0	8,0	8,5	36,5

Austur-Skaftafellssýsla - Efstu lambhrútar haustið 2022

Sæti	HEITI BUS	LNR	FNR	NAFN	B	G	L	Faðir	bungi	Ómv	Ómf	Lögun	FL	H+h	B+u	Bak	Malir	Læri	Ull	SR	Alls	Alls2	
1	Viðborðssel	0274			2	2	10	20-876	Gimli	61	39	3,6	5,0	11,4	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	7,0	8,5	88,5	57,0
2	Setberg 1	7121			2	2	10	20-503	Lúkas	60	35	4,2	5,0	11,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	7,5	9,0	88,5	56,0
3	Fornustekkar I	0017			2	2	10	20-040	Bærtr	48	33	2,4	5,0	11,1	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	8,5	9,0	88,5	55,0
4	Brekka	0053			2	2	12	20-876	Gimli	45	34	3,7	4,5	10,9	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,5	88,0	56,0
5	Fornustekkar II	1901			1	1	10	17-842	Blökrur	47	32	5,1	5,0	10,8	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,5	88,0	56,0
6	Brekka	0003			1	1	12	18-506	Landi	57	36	5,0	11,0	9,0	9,0	10,0	9,0	18,5	7,5	9,0	88,0	55,5	
7	Fornustekkar I	2149			2	2	10	20-875	Galli	55	38	4,9	5,0	10,9	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	9,0	88,0	55,5	
8	Lilla-Hof	1036	22-584	Djóni	3	2	10	16-829	Stapi	56	34	4,6	4,5	10,6	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	7,5	9,0	88,0	55,5
9	Brekka	0412	22-634	Profsteinn	1	1	12	21-630	Leggsteinn	52	32	2,9	4,0	10,6	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	8,0	8,5	88,0	55,5
10	Hvammur	267A			1	1	10	17-844	Viðar	50	32	3,8	4,5	10,9	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,0	8,5	88,0	55,5
11	Fornustekkar I	2056			1	1	10			50	32	2,7	4,5	10,9	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,5	8,5	88,0	55,0
12	Setberg 1	1031			3	1	10	20-503	Lúkas	59	30	5,4	4,0	11,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	8,5	8,5	88,0	56,0
13	Brekka	0287	22-635	Balþani	2	1	12	20-875	Galli	51	36	3,0	5,0	10,3	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	7,5	8,0	87,5	56,0
14	Brekka	0287	22-635	Balþani	2	1	12	20-875	Galli	51	36	3,1	5,0	10,3	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	7,5	8,0	87,5	56,0
15	Brekka	0002			2	1	12	17-256	Fjarsjöðu	51	36	3,0	5,0	10,3	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	87,5	55,5
16	Hvammur	335A			2	1	12	18-876	Hrokkur	58	35	4,4	5,0	10,5	9,0	9,5	9,0	19,0	7,5	8,5	87,5	55,5	
17	Hölabrekka	0023			1	1	11	17-872	Stasi	57	34	3,2	5,0	11,3	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	7,5	8,5	87,5	55,5
18	Lilla-Hof	0063			1	2	10	20-316	Svarur	50	34	3,3	5,0	10,8	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	7,5	8,5	87,5	55,5
19	Fornustekkar I	0170			2	2	10	14-614	Hlekkur	49	34	4,3	4,5	11,0	8,5	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5	8,5	87,5	55,5
20	Nypugarðar	0449			2	1	12	18-874	Hrokkur	50	34	5,8	5,0	10,5	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	7,5	8,5	87,5	55,5
21	Brekka	0046			1	1	12	18-849	Kostur	47	32	3,2	5,0	10,7	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	8,5	87,5	55,5
22	Setberg 1	7101			3	2	10	20-503	Lúkas	58	30	5,4	4,5	10,4	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,5	87,5	55,5

Alls er samanlögð stig fyrir háls/herðar, bringu/útlögur, bak, malir og læri

Ég sendi ættingjum og vinum hugheilar jólakveðjur. Megi nýtt ár verða okkur öllum farsælt.
Anna Halldórsdóttir

Óskum fjölskyldu, ættingjum og vinum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum líðið ár.
Hjalti og Birna á Seljavöllum

Verkfærni ehf óskar öllum Hornfirðingum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári. Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Verkfærni ehf

Sendi ættingjum og vinum hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir líðin ár.
Gunnar Ásgeirsson

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga sendir félagsmönnum sínum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum, hugheilar jóla- og nýárskveðjur, með þakklæti fyrir ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem er að líða. Hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.



Jóla- og nýárskveðja.

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga


Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári, með þökk fyrir hið liðna.

*Reynir og Svandís.
Vesturbraut 21, Höfn.*



Sendum okkar bestu kveðjur með ósk um gleðilega hátíð og farsæld á komandi ári

*þökkum liðin ár
Úlfar og Unnur*



ATH!

21.01.2023

TAKIÐ DAGINN FRÁ!

Engar grímur!

Engar sóttvarnir!

Ekkert þríeyki!

Engin röð!



SJÁUMST Á ÞORRABLÓTI

Gleðilega hátíð





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður

vellíðan fyrir alla

Opnunartími Sundlaugar Hafnar um jól og áramót

Starfsfólk Sundlaugar Hafnar óskar Hornfirðingum gleðilegrar hátíðar, og minnir á breyttan opnunartíma yfir jól og áramót.

23. desember Þorláksmessa	06:45 – 21:00.
24. desember aðfangadagur	08:00 – 12:00.
25. desember jóladagur,	Lokað.
26. desember annar í jólum,	Lokað.
27. desember	06:45 – 21:00.
28. desember	06:45 – 21:00.
29. desember	06:45 – 21:00.
30. desember	06:45 – 21:00.
31. desember, gamlársgdagur	08:00 – 12:00.
01. janúar, nýársdagur	Lokað.
02. janúar	06:45 – 21:00.

Hátíðarkveðjur starfsfólk Íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Kæru ættingjar og vinir. Við sendum ykkur okkar bestu jóla- og nýárskir með þökk fyrir árið sem er að líða

Pálína og Sævar Kristinn

Rósaberg ehf óskar Austur-Skaftfellingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Rósaberg



Gleðilega hátíð & farsælt komandi ár

*Kveðja frá starfsfólki
Vatnajökulspjóðgarðs*



Vatnajökulspjóðgarður



Mynd: Ísak Ólafsson

Rafíþróttadeild Sindra

Starf innan rafíþróttadeildar Sindra hefur verið endurvakið eftir stuttan dvölu. Mikill metnaður einkennir starfandi stjórn sem leggur megin áherslu á barna- og unglíngastarf og hefur sókn í starfið stór aukist með tilkomu nýrrar stefnu. Sú stefna setur lýðheilsu og fræðslu í forgrunn með það verkefni að rjúfa þann ósýnilega vegg sem skilur að hegðun okkar í hversdagsleikanum og á Internetinu. Iðkendum er kennt að spila tölvuleiki á heilbrigðan og jákvæðan hátt sem og að innleiða heilbrigðan lífsstíl með fram iðkuninni. Í takt við megin gildi Ungmennafélagsins kennum við iðkendum okkar heiðarleika, samvinnu og metnað, en allir okkar þjálfarar ásamt aðilum úr stjórn sátu nýlega námsleið hjá RÍSI (Rafíþróttasambandi Íslands) og fengu þar staðfest að nálgun deildarinnar og hugsun er í takt við "íslensku leiðina" og í takt við stefnu RÍSI, en sú aðferðarfræði er eftirsótt um allan heim og hefur RÍSI hlotið mikið lof fyrir barna- og unglíngastarf rafíþróttu.

Ungmennafélagið Sindri statar sig af því að vera elsta aðildarfélag RÍSI og er það okkur sannur heiður að efla samvinnu við sambandið og sýna gott fordæmi fyrir önnur félög. Stefna deildarinnar er að eiga leikjaver sem þjónustar 25 iðkendum á sama tíma. Með því er deildin að gulltryggja að allir iðkendum njóti sömu tækifæra til iðkunnar, við bestu mögulegu aðstæður. Í dag eru 35 iðkendum á grunnskólaaldri sem iðka rafíþróttir í styrkjandi og styðjandi umhverfi. Það eru alls fimm þjálfarar sem koma að starfinu og hefur starfið farið frábærlega af stað. Iðkendum upplifa sig hluta af hóp og hluta af Ungmennafélaginu Sindra. Þá eru 8 iðkendum í meistaraflokki sem keppa fyrir hönd Sindra í keppnisumhverfi sem fer ört vaxandi og nýtur næst mesta áhorfs í heiminum á eftir HM í knattspyrnu.

Rafíþróttadeild Sindra er stolt af sínu starfi og full tilhlökkunar fyrir komandi tímum



GAMLÁRSHLAUP UMF SINDRA & HLAUPAHOPS HORNAFJARÐAR

Við ætlum að halda okkar „Árlega“ gamlárshlaup og vonum að veðrið leiki við okkur á Gamlársdag! Hvetjum öll til að mæta og enda árið á skemmtilegri og heilsusamlegri samveru.

Kl. 10.30 á Gamlársdag - Frá sundlauginni.
 Skráning í vefverslun Sportablar
3 vegalengdir: 3 km - 5 km (hluti af vetrarhlaupaseríu) - 10 km
Búningabema - Verðlaun fyrir flottustu búningana.
Útdráttarverðlaun og verðlaun fyrir fyrstu sæti kk/kvk í hverri vegalengd.
Verð: 1000 kr (fritt fyrir 5 ára og yngri)

hlaupahopuhornafjarðar@gmail.com

*Sendum ættingjum og vinum okkar
bestu jóla- og nýárskveðjur
Lífð heil
Elma og Esjar*



*Óskum öllum íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar
gledilegra jóla og farsæls nýs árs
Íþróttamiðstöð Hornafjarðar*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð.

RARIK | 75 ÁR



RARIK ohf | www.rarik.is



Knattspyrnudeild Sindra

Knattspyrnusumarið blómstraði og léku stelpurnar okkar í 2.deild þar sem var spiluð einföld umferð og var deildinni svo skipt upp þar sem efstu 6 liðin léku einfalda umferð og neðstu 6 liðin léku einnig einfalda umferð. Sindrastelpur höfnuðu í 8. sæti eftir fyrri umferðina og kepptu því í neðri hlutanum. Þar enduðu þær í 3ja sæti sem er vel ásættanlegur árangur þar sem liðið okkar er ungt og margar stelpur að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki. Kristín Magdalena Barboza, ein af okkar efnilegu ungu leikmönnum var svo valin í U15 landsliðið þar sem hún lék með liðinu í keppni í Póllandi í byrjun október.

Sindra strákarnir urðu deildarmeistara og tryggðu sér sæti í 2. deild á næsta tímabili eftir ansi dramatískar lokamínútur þar sem beðið var eftir úrslitum í leik Dalvíkur/Reynis – Augnabliks sem endaði með jafntefli og þar með var 1.sæti í riðlinum staðreynd! Okkar eini sanni Albert Eymundsson afhenti strákunum bikarinn fyrir hönd KSÍ og ánægjan skein af þjálfurum og leikmönnum að uppskera eftir mikla vinnu í sumar. Fram undan er því spennandi og krefjandi verkefni ársins 2023.

Yngri flokkarnir stóðu sig einnig frábærlega í sumar og komu 4.fl kvenna og karla heim með verðlaun af ReyCup en stelpurnar komu heim með gullíð og strákarnir bronsíð.

Knattspyrnskóla Jako & Nettó var svo haldinn helgina 9.-10.desember en alls voru um 80 krakkar sem skráðu sig til leiks!

Knattspyrnskólinn er byggður upp á að fá inn góða gestþjálfara sem setja upp tækniæfingar fyrir krakkana og stýra svo æfingunum ásamt þjálfurum Sindra. Í gegnum tíðina höfum við fengið til okkar frábæra þjálfara líkt og fyrrum landsliðsþjálfara Heimi Hallgrímsson og fleiri. Í ár var



engin breyting þar á en gestþjálfarar voru þeir Nihad „Cober“ Hasicic og Milan Stefán Jankovic. Þeir félagar hafa vakið mikla athygli á landsvísi fyrir frábærar einstaklingsæfingar og eru þeir yfir akademíu knattspyrnudeilda Grindavíkur.

Helgin var frábær í alla staði og það var gaman að fylgjast með framtíðar leikmönnum Sindra sem æfðu vel í takt við góða jólaskapið. Það liggur fyrir að Knattspyrnskólinn er mikilvægur viðburður í starfi okkar og að hann sé kominn til að vera.

Hugheilar jólakveðjur til fjölskyldna og vina.

Með þökk fyrir allt.

Ása og Birgir



Við sendum ættingjum okkar, vinum og samborgurum okkar allra bestu jólakveðjur með ósk um hjart og gjöfult komandi ár.

Ragnhildur Jónsdóttir og Grétar Vilbergsson



Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

óskar Austur-Skaftfellingum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Við viljum þakka fyrir allar góðu stundirnar á árinu sem er að líða og vonumst til að þær verði enn fleiri á komandi ári.



MENNINGARMIDSTÖÐ
HORNAFJARÐAR

VIÐ ÞÖKKUM KÆRLEGA FYRIR SAMSTARFIÐ OG STUÐNINGINN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA. SENDUM ÖLLUM ÍBÜUM SVEITARFÉLAGSINS HUGHEILAR HÁTÍÐARKVEÐJUR OG ÓSKUM YKKUR GÆFU OG GLEÐI Á NÝJU ÁRI. HLÖKKUM TIL ÁFRAMHALDANDI SAMSTARFS OG SAMVINNU MEÐ YKKUR ÖLLUM.

JÓLAKVEÐJUR,

KEX 



Leikfélag Hornafjarðar

Starfið veturinn 2022 - 2023

Leiklistarstarfið fór vel af stað í vetur hjá okkur í Leikfélagi Hornafjarðar. Leikfélag Hornafjarðar á sér langa sögu og á síðastliðnu hausti fagnaði það 60 ára afmæli sínu. Afmælið var haldið hátíðlegt með uppsetningu á leikverkinu Hvert örstutt spor í leikstjórn Stefáns Sturlu Sigurjónssonar, í samstarfi við FAS. Leiksaga félagsins er fjölbreytt og mörg verk hafa verið sett upp á síðastliðnum 60 árum. Stundum tvær leiksýningar á ári.


Á þessu leikári höfum haft einkargóða samstarfsaðila og höldum áfram að vinna í samstarfi við aðra eftir áramót. Í sumar stóð leikfélagið fyrir leiklistarnámskeiðum fyrir börn og ungmenni í samstarfi við Smáleikhúsið.

Á degi íslenskrar tungu fór fram leiklestur í Svavarssafni á leikverkinu Gullna Hliðið eftir Davíð Stefánsson. Verkið var gert í samstarfi við Menningarmiðstöðina og undir leiðsögn Snæbjarnar Brynjarssonar. Hægt er að nálgast streymið á facebook síðu leikfélagsins og á vef menningarmiðstöðvarinnar.

Í nóvember settum við upp eins dags leikverk í samstarfi við Smáleikhúsið en það voru Aron Martin Ásgerðarson og Elísabet Skagfjörð sem stóðu með okkur að þeirri sýningu, ásamt leikurum úr leikfélaginu. Sýningin var upplifunarleikhús sem bar nafnið Hel og heim aftur. Leikverkið fór fram í gömlu sundlauginni við mjög góðar undirtektir.

Eftir áramót höldum við í hefðirnar og vinnum leikverk í samstarfi við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu. Leikverkið sem varð fyrir valinu þetta árið er söngleikurinn Galdrakarlinn í Oz sem mun án efa heilla fólk á öllum aldri. Vala Höskuldsdóttir mun leikstýra verkinu. Vala er leikstjóri og sviðshöfundur fædd og uppalin á Akureyri. Hún er söngelsk og sumir kannast mögulega við lög og ljóð hennar með Hljómsveitinni Evu. Vala hefur meistaragráðu í sviðslistum frá Listaháskóla Íslands og er að ljúka kennsluréttindum frá sama skóla. Hún er mikil landsbyggðakona í hjartanu, að eigin sögn, og getur ekki beðið eftir því að koma til Hornafjarðar, kynnast þar samfélaginu og skapa eftirminnilega sýningu með heimafólki.

Það er sannarlega ánægjulegt fyrir hvert sveitarfélag að eiga öflugt leikfélag, en alls ekki sjálfgefið. Síðustu 60 árin hefur Leikfélag Hornafjarðar markað djúp spor í menningar- og skemmtanalífi Hornafjarðar. Við sem störfum með Leikfélagi Hornafjarðar erum



fullviss að leikfélagið eigi stór menningarleg spor hér í sveitarfélaginu. Grunnur þess er samstarf margra ólíkra einstaklinga sem hafa náð að gera þrekvirki með áhuga og viljann að vopni. Samstarfið við framhaldsskólann hefur einnig verið ósköp gott og gleðilegt. Það hefur gefið áhugasömum framhaldsskólanemum tækifæri til að fá útrás fyrir sköpunargáfuna og kynnast heimum leiklistarinnar. Þá er líka bara svo rosalega skemmtilegt að koma sem gestur í leikhúsið og gleyma sér í hinum ímyndaða heimi um stund.

Við sem myndum stjórn leikfélagsins þetta leikárið erum spennt fyrir komandi tímum og þeim spennandi verkefnum sem við munum koma að ásamt öðrum. Allir áhugasamir þátttakendur eru hvattir til að setja sig í samband við okkur og vera með. Við hlökkum til að sjá Hornfirðinga fjölmenna á leiksýningar á næsta ári. Sjáumst í leikhúsinu!



Selma Ýr Ívarsdóttir meðal leikenda í Hel og heim aftur



Svipmyndir í gegnum árin.

Stuðningur við Bakland samfélagsins


Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnardeildin Framtíð eru byggð upp af hugsjón og þekkingu fjölmargra félaga sem hafa, nú sem áður, unnið í sjálfböðavinnu að þeirri uppbyggingu hvort heldur í krefjandi verkefnum, við húsnæði félagsins sem og björgunartækja sem notuð hafa verið í gegnum tíðina. Samfélagslegt gildi þessara félaga er ótvírætt og það starf sem félagar hafa unnið að áratugum saman verður seint full þakkað.

Félögin eru öflugt bakland samfélagsins. Þá hefur ekki farið framhjá neinum á síðustu árum að auknar kröfur hafa komið til með vaxandi ferðaþjónustu og mörg verkefni verða stöðugt flóknari og þátttaka félagsmanna bæði í nærumhverfi sem og starfi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á landsvísu orðið gríðarlega viðamikl.

Sem betur fer eru margir sem lagt hafa lið í gegnum tíðina og styrkt við þá starfsemi enda erfitt að halda slíku starfi gangandi án þess að eiga góða að.

Hollvinir Björgunarfélags Hornafjarðar og Slysavarnardeildarinnar Framtíðar

Fyrirhugað er að styrkja enn frekar við bakland Björgunarfélags Hornafjarðar og Framtíðar, og hefja fjársöfnun til að stækka húsnæði, sem er löngu sprungið, með nýrri Björgunarmiðstöð og efla um leið innra starf og getu til að takast á við þau verkefni sem upp koma.



Á næstkomandi ári, 2023, verður hollvinafélagið Hornsteinn stofnað og í framhaldi leitað til einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana í þeim tilgangi að safna fjármagni til að standa undir þeirri stækkun án þess að raska rekstri þessara mikilvægu félaga.

Verkefni síðustu ára og öflugar æfingar hafa sýnt fram á mikilvægi Björgunarfélags og Framtíðar, og með því að gerast bakhjarl er unnt gefa til baka og með beinum hætti taka þátt í enn frekari uppbyggingu félaganna. Sérstaða Hornafjarðar er náttúruvegurð stranda, fjalla og jökla, sem kalla á fjölgun ferðamanna, en að sama skapi eru fjarlægðir miklar við næstu aðstoð og við verðum að efla viðbragðsgetu í því umhverfi sem við búum við í dag.

Búið er að vinna síðustu ár að ákveðinni

greiningarvinnu til framtíðar með húsnæði og um leið kostnaðaráætlun, en ljóst að verkefni sem þetta gerist ekki á einni nóttu. Mikilvægt er að horfa fram í tímann og velta upp möguleikum og þörfum, bæði í innra starfi og ekki síst hvað verkefni varðar.

Allt fjármagn sem safnast mun fara beint í húsnæði Björgunarfélags Hornafjarðar og Slysavarnardeildar Framtíðar milliliðalaust og í vetur mun undirbúningur hefjast og allt traust lagt á að samfélagið sýni í verki stuðning við félagi í björgunarsveitinni okkar og styðji þannig við bakið á þeim sem fara út er aðrir leita skjóls.

Eigið gleðileg jól og farsælt komandi ár,

Undirbúningshópurinn

Kæru ættingjar og vinir.

Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Hafdís og Bjösssi



Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári til allra Hornfirðinga

Sérstakar þakkið fær starfsfólk okkar fyrir árið sem er að liða



Kæru ættingjar og vinir.
Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum það liðna.

Óli og Binna



Náttúrustofa Suðausturlands óskar íbúum Suðausturlands gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Með þökk fyrir samstarfið á liðnum árum.


Við sendum bestu óskir um gleðileg jól, heillarikt ár og þakkið fyrir það liðna.

Óskar og Áslaug, Vík





Starfsfólk Þrastarhóls ehf. sendir
viðskiptavinum og öðrum lesendum
Eystrahorns bestu óskir um gleðileg jóla.
Óskum ykkur alls góðs á komandi ári og
þökkum góð samskipti á liðnum árum.
Guðbjartur, Birna og Agnes



Sendum Skaftfellingum, frændfólki og vinum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur
og þökkum fyrir liðin ár.

Albert og Ásta

Sendum okkar bestu jóla- og nýárskveðju með
kærri þökk fyrir liðið ár í leik og starfi.

Gulla, Brói, Eyjólfur og Ingvi
Hólabraut 3



Óskum viðskiptavinum og
Hornfirðingum öllum gleðilegra
jóla og farsældar á nýju ári
Ögmund ehf.

Óska vinum og ættingjum gleðilegra jóla og farsæls nýárs
með þökk fyrir árið sem er að líða.
Sérstakar kveðjur og þakkið fá vinir mínir sem aðstoðuðu
og hjálpuðu mér við smalamennsku í haust.


Unnsteinn í Hvammi



Sendum Austur-Skaftfellingum
og öðrum landsmönnum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Jóhann og Óla **Húsgagnaaval**

Sendum Hornfirðingum okkar
bestu jóla- og nýárskveðjur með
þökk fyrir liðin ár
Snorri og Heiða Dís



Sendi mínar bestu jóla- og nýárskveðjur
til vina og vandamanna.


Þakka liðin ár

Arnar Bjarnason



Við óskum viðskiptavinum okkar og
Hornfirðingum öllum gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs með kærum þökkum
fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
Lokað verður á skrifstofunni vegna jólaleyfis,
flutninga og framkvæmda frá 20. desember
til 3. janúar 2023. Á nýju ári opnar skrifstofan
á rakarastofunni góðu, að Hafnarbraut 43a.
Við hlökkum til að sjá ykkur þar.


Jóna Benný og Fanney Björg



Sendum okkar bestu kveðjur
með ósk um gleðilega hátíð og
farsæld á komandi ári.

Þökkum liðin ár

Björn Jón og fjölskylda



Óskum viðskiptavinum okkar
sem og öllum Austur-Skaftfellingum
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

H. Christensen ehf.



Bestu óskir um Gledileg jól og farsæld á komandi ári



Króm og hvítt

Gledileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum samúð, hlýhug og vinsemd í
erfiðleikum liðins árs.

Arna Ósk, Þórhallur Malmquist
og fjölskylda



Kæru ættingjar og vinir. Sendum okkar bestu jóla- og nýársóskir. Þökkum góðar stundir. Sérlegar þakkið fær starfsfólk Skjólgarðs og heilsugæslunnar fyrir vel unnin störf í þágu okkar.

Hátíðarkveðja Biddý og Siddi,
Hæðargarði 6



Sendum vinum og fjölskyldu, okkar bestu óskir um gledileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum fyrir allt gamalt og gott!
Matta og Hjálmar

Óskum Hornfirðingum gledilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Sendum ættingjum og vinum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur. Þökkum liðin ár
Ragnar og Inga
Akurnesi



Við óskum öllum gledilegra hátíðar og farsældar á nýju ári.

Starfsfólk Pakkhússins



Sendum ættingjum og vinum okkar bestu jóla- og nýárs kveðjur
Stebbi og Snæja



GLACIER
JOURNEY

Óskum Hornfirðingum
gledilegra jóla og
farsældar á komandi ári



Við óskum öllum Hornfirðingum nær og fjær, gledilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

Við þökkum fyrir allar góðu samverustundirnar á liðnu ári.

Jólaþakkið frá íbúum og starfsfólki Skjólgarðs.

Körfuknattleiksdeild Sindra

Meistaraflokkur karla byrjaði tímabilið af fullum krafti. Fram undan var krefjandi verkefni því að högg kom á mannskapinn þegar ljóst var að ungir Sindrastrákar fengu tækifæri erlendis eða hjá liði í efri deild. Israel Martin og okkar strákar létu það ekki stoppa sig og áttu gott sigur áhlaup í byrjun tímabilsins og gerðu sér lítið fyrir og eru eina liðið í deildinni sem er búið að leggja topp lið deildarinnar Álftanes. Þeir þurftu þó að sætta sig við að fara í jólafrí vermandi þriðja sæti deildarinnar og munu nota tímann framundan til að endurhlaða batteríin fyrir komandi átök.

Yngri flokkarnir fóru í jólafrí með tvö lið í MB11 ára í efsta styrkleika flokki og eru yngri iðkendur að vekja athygli á þeim mótum sem þeir spila á þessa leiktíð. Á milli jóla og nýárs mun svo þjálfari yngri flokka Guillermo Sanchez með aðstoð barna- og unglíngaráðs standa fyrir körfuboltaþúðum í Ice Lagoon höllinni. Búðirnar verða fyrir alla krakka á aldrinum 8-16 ára og er búist við metnaðarfullri dagskrá og miklu körfuboltafjöri.



Kæru ættingar og vinir. Sendum okkar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir árið sem er að líða

Hátíðarkveðjur

Sigurður og Jóhanna, Stóruhálg



Óskum ættingjum og vinum gleðilegra jóla og faræls nýs árs.

Þökkum árið sem er að líða

Bogga og Mummi



SKINNEY - ÞINGANES

*ÓSKAR STARFSFÓLKI
OG HORNFIRÐINGUM ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI*



Saga Sindra

Arnbór Gunnarsson. Félag unga fólksins. Saga ungmennafélagsins Sindra 1954-1966. Reykjavík: Bókautgáfan Hólar 2022, 157 bls.

Ungmennafélögin sem stofnuð voru um allt land, að norskri fyrirmynd, á fyrstu áratugum tuttugustu aldar eru stórmerkilegt fyrirbæri. Í þeim tók ungt fólk höndum saman í allskyns starfsemi, nærumhverfi sínu til heilla, auk þess sem félögin fullnægðu félagsþörf unga fólksins með málfundum, íþróttaviðburðum, skemmtunum, dansleikjum og ferðalögum. Guðmundur Guðmundsson skólaskáld (1874-1919) orti kvæði sem hann tileinkaði Ungmennafélagshreyfingunni og kallaði „Vormenn Íslands“. Kvæðið fangar vel þá hugsjón sem ungt fólk í byrjun aldar fóstaraði, skáldið hvetur ungu kynslóðina til ýmissa verka á sviði þjóðmála og menningar. Verkefnið eru ærin: „Hér er þunga þraut að vinna, / þú átt leikinn, æskuher“ yrkir skáldið og talar jöfnum höndum um trjárækt og málrækt. Þetta voru tímar sjálfstæðisbaráttu og bjartsyni og unga kynslóðin trúði að hún gæti unnið Íslandi gagn og var fús til starfa enda var kjörorð ungmennafélaganna: „Íslandi alt!“.

Þótt ungmennafélögin hafi fyrst og fremst spottuð upp af þörf ungs fólks fyrir félagslíf og samveru á tímum fábreytni í afþreyingu er ljóst að félögin tóku sig alvarlega og höfðu háleit markmið bæði í þágu einstaklingsins og samfélagsins. Rækta átti andlegt heilbrigði með málfundum þar sem fólk hlýddi á fyrirlestra og skáldskap og æfði sig í ræðumennsku og líkamann átti að efla með leikfimi og íþróttaiðkun. Og helst átti að ástunda bindindi á áfengi og tóbak. Félagarnir áttu líka að láta sig samfélagið og umhverfið varða, reyndar allt landið og þjóðina og sterk þjóðerniskennd var grunnurinn sem félögin byggðu á. Kristin gildi voru höfð í hávegum og í lögum margra elstu ungmennafélaga á Íslandi var gerð krafa um að félagar undirgengust bæði bindindisheit og trúarjátningu.


Ungmennafélagið Sindri var stofnað 1. desember 1934 en áður höfðu verið stofnuð álfka félög víða í landshlutanum: Ungmennafélagið Máni í Nesjum, Málfundafélag Hornfirðinga, Talfundafélagið Valur á Mýrum, Ungmennafélagið Visir í Suðursveit, Ungmennafélagið Hvöt í Lóni og Málfundafélag Öraefinga sem síðar var beytt í Ungmennafélagið Framtíðin. Arnþór Gunnarsson rekur sögu þessara félaga í upphafi bókarinnar sem annars er helguð sögu Ungmennafélagsins Sindra frá

stofnun þess til ársins 1966.

Í fyrsta kafla bókarinnar skrifar höfundur: „Markmiðið með þessu riti er að varpa skýru ljósi á sögu Ungmennafélagsins Sindra og jafnframt félagslíf og hugðarefni ungs fólks í afskekktu en vaxandi kauptúni. Leitast er við að tengja þessa sögu við upphaf og þróun ungmennafélagshreyfingarinnar á Íslandi og örur samfélagsbreytingar sem urðu um miðbik 20. aldar“ (10). Þetta tekst Arnþóri með ágætum og nýtur hann þess vitaskuld að hafa áður skrifað Sögu Hafnar í Hornafirði.

Arnþór skiptir bókinni í átta kafla og í viðauka eru fyrstu lög Sindra og skrár yfir heimildir, myndir og mannanöfn sem koma fyrir í bókinni. Meginkaflarnir eru 4.-7. kafla. Í 4. kafla, SINDRI KEMUR TIL SÖGUNNAR, er tilurð félagsins er rakin og starfsemi þess fyrstu árin og fjallað um frumkvöðla félagsins. 5. kafla, Í UMRÓTI STRÍÐSÁRANNA, segir frá samskiptum Hafnarbúa við erlenda setuliðsmenn sem í fyrstu voru stírd en liókuðust með tímanum og líkt og annars staðar á landinu var karlmönnum meira í nöp við hina erlendu hermenn en kvenfólkinu: „Raddir heyrðust af kvenpalli, þess efni, að ekki mundi spilla þó dátarnir létu sjá sig“ á dansleikjum (53). Í 6. kafla, SINDRABRAGGINN, segir frá draumi Sindra um að eignast eigið funda- eða samkomuhús og sá draumur rættist þegar herinn hvarf að landi brott í lok síðari heimstyrjaldarinnar og skildi eftir sig „þúsundur bárujárnsbragga víðs vegar um landið“ (88). Hermannabraggar höfðu verið reistir á Suðurfjörum og þegar þeir voru auglýstir til sölu árið 1944 keypti Sindri tvo bragga og notaði efnivið þeirra til að byggja upp einn bragga „á lóð á Heppu, skammt ofan við Miklagarð“ (88). Það mikla verk, að rífa niður braggana, steypa grunn og byggja upp nýjan bragga inni á Höfn, var allt unnið í sjálfböðavinnu og nýttist þetta húsnæði til margs konar starfsemi í tæpa tvo áratugi. Sérstaklega áhugavert er að lesa um hvernig bragginn nýttist til fjölsöttra bíósýninga um árabíl og er öll sú saga frábært dæmi um hverju hugsjónastarf sjálfböðaliða getur komið til leiðar.

7. kafla nefnist TILVISTARKREPPA EFTIR STRÍÐ og þar er sagt frá því hvernig starfsemi Sindra dalaði verulega eftir stríð, sumpart vegna aukins



framboðs á afþreyingu fyrir ungt fólk. Bíósýningar, dansleikir og bingókvöld nutu þó alltaf vinsælda og leiklistarstarfsemi blómstraði þrátt fyrir vægast sagt lélegar aðstæður í köldum og óvistlegum bragga þar sem hvorki var salerni né rennandi vatn. Við og við voru þó gerðar heiðarlegar tilraunir til að endurlífga starfsemi félagsins og aðstæður félagsins gjörbreyttust til hins betra þegar Sindrabær var tekinn í notkun 1963 en Arnþór rekur byggingasögu hússins í þessum kafla.

Í 8. og síðast kafla bókarinnar rekur Arnþór aftur helstu vörður í starfsemi Sindra undir fyrirsögninni ÁRÆÐNI OG FJÖLBREYTT STARFSEMI. Hann bendir réttilega á hvernig áræðni, drifkraftur og fjölbreytni einkenndi starfið og áréttar að saga Sindra veiti „innsýn í hugarheim ungs fólks á tímum mikilla þjóðfélagbreytinga“ (125).

Saga Sindra er mjög fróðlegt verk sem gefur skemmtilega innsýn inn í líf og hugarheim ungs fólks á tímabilinu sem bókinn spannar. Fjöldi mynda prýðir verkið og auk megintextans eru margar skemmtilegar og áhugaverðar rammagreinar sem auka við efnið. Kauptúnið Höfn lifnar fyrir augum lesanda bæði í texta og myndum. Eins og Albert Eymundsson nefnir í formála bókarinnar kann það að

koma á óvart hversu lítið fer fyrir umfjöllun um íþróttastarfsemi Sindra í bókinni en slík starfsemi er svo til allsráðandi í félaginu í dag. Ætla má að slík umfjöllun verði í fyrírúmi í síðara bindi verksins sem vonandi kemur út fljótlega.

Þess má geta til gamans að Hornfirðingurinn Þórbergur Þórðarson var virkur meðlimur í Ungmennafélagi Reykjavíkur árin 1909-18 og sóttist hann sérstaklega eftir að taka þátt í málfundum sem snerust um skáldskap og sat í ritnefnd Skínfaxa, blaðs UMF. En Þórbergur hélt ekki lengi við í félaginu því ýmislegt í starfsemi þess og stefnu stríddi gegn áhugamálum hans og grundvallarskoðunum, svo sem sterk þjóðernisstefna og áhersla á kristna trú og bindindi. Þórbergur þótti líka oft sýna félaginu virðingarleysi með skopi í ritun fundargerða og var hann því settur af sem ritari fundargerða. Gamansemin sem honum var í blóð borin gerði honum erfitt fyrir með að tileinka sér hinn „sanna ungmennafélagsanda“. Þá þótti Þórbergur einnig ganga hart fram í mállýtanefnd, en slíkar nefndir voru ríkur þáttur í ungmennafélögum, m.a. hjá Sindra, þar sem starfandi var „málhreisunarnefnd“ sem „hafði eftirlit með málfari félagsmanna á fundum“ (18). Ljóst er að vera Þórbergs í UMFAR var

honum sem skóli í ritlist og þannig höfðu ungmennafélög landsins ýmis áhrif á fólk eða eins Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands orðaði það voru ungmennafélögin „ósýnilegur þáttur í lífi ótrúlega margra manna“. Vorið 1937 skrifaði Halldór Laxness grein um Ungmennafélögin og frelsisbaráttu og segir: „Ungmennafélögin vöktu æskuna í öllum héruðum landsins til framsóknar, til vaxandi kröfuhörku á menningarsviðum, og um leið og þau kendu æskumönnum að meta einstaklingseöli sitt og leggja rækt við það, kölluðu þau einstaklingana fram úr fásinninu og höfu skilning þeirra til aukins þroska á sviði félagsmálanna.“ Þessi orð Nóbelskaldsins eiga áreiðanlega vel við þá Hornfirðinga sem tóku þátt í uppbyggingu Ungmennafélagsins Sindra og lesa má um í bók Arnþórs Gunnarssonar.

Soffía Auður Birgisdóttir
Rannsóknasetri H.Í. á Höfn

Færi öllum vinum, ættingjum og samstarfsfólki
í Austur-Skaftafellssýslu, mínar bestu jóla- og
nýárs kveðjur. Þakka öll líðnu árin.

Guðjón Benediktsson og
Beata Anna, Sandaseli.



Sendum vinum og ættingjum innilegar jóla og
nýárskveðjur, þökkum líðin ár
Magnús og Steinunn
Víkurbraut 25A Höfn



3. Framboðið færir Austur-Skaftafellingum
bestu óskir um gleðileg jól, frið og farsæld á
komandi ári.



Jóla-kveðjur
3. Framboðið



Golfklúbbur Hornafjarðar
sendir öllum kylfingum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur



Sendi sýslubúum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Dr. med vet.



Janine Arens dýralæknir



Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári.

Þökk fyrir viðskiptin og samstarfið
á árinu sem er að líða

Hjálmar og Einar sjúkrahjálfarar



Bestu jóla- og nýársóskir til ættingja
og vina. Þökkum allar góðar líðnar
stundir.

Dísa og Gísli í Ártúni



Hársnyrtistofan FLIKK

Austurbraut 15 • Sími 478-2110

Sendi viðskiptavinum mínum hugheilar jóla-kveðjur.

Með þökk fyrir viðskiptin á líðandi ári.

Jóla-kveðja, Birna Sóley



Óska Hornfirðingum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári um leið og ég
þakka viðskiptin á líðandi ári. Held
komum mínum áfram á nýju ári.

Anna Bogga fótaaðgerðafraeðingur.

s: 896-7685



Blakdeild, Sunddeild og Fimleikadeild Sindra

Yngri flokkar í blakinu hafi verið á undanhaldi eftir að stór hópur á unglíngastiginu hélt á önnur mið eftir grunnskólann. Gaman er að segja frá því að meirihluta þeirra iðkenda héldu iðkun sinni áfram með öðrum liðum og eru að standa sig prýðilega. Þá er uppgangur hjá mfl. kvenna en þær keppa á Íslandsmóti í 2. deildinni og verma þar topp sætið eftir eina umferð. Þá er karlablak einu sinni í viku þar sem allir eru velkomnir að taka þátt og hafa gaman með vel eldri reynsluboltum. Stefnt er að því að halda innan félags jólamót á milli jóla og nýárs ef þátttaka næst.

Sunddeildin heldur sínu striki á milli ára og Garparnir sómuleiðis. Þá eru við stolt að segja frá því að afreks iðkandi Sindra sem útskrifaðist úr grunnskóla og líkt og aðrir í þeim árgangi héldu á önnur mið, hefur fengið lof fyrir frammistöðu sína og þá þjálfun sem hefur átt sér stað í herbúðum Sindra.

Fimleikarnir halda áfram sínu starfi eftir bestu getu en erfitt hefur reynst að fá yfirþjálfara og hefur það sett gríðarlegt strik í starfið og erum við að horfa á fækkun á iðkendum á eldra stigi. Deildin er þó lánsöm að búa yfir ungum þjálfaraefnum sem hafa staðið sig með miklum sóma og haldið starfinu gangandi. Þá má einnig nefna að deildin óskar eftir að fá fólk í stjórn og hvetjum við alla þá sem hafa áhuga á að láta gott af sér leiða til þess að hafa samband við núverandi stjórn eða framkvæmdastjóra.

Frjálsíþróttadeild Sindra – Hlaupahópur Hornafjarðar



Mikill kraftur hefur verið í Frjálsíþróttadeildinni en iðkendum í barna- og unglíngastarfinu fjölga á milli ára. Þá er stærsta aukningin hjá Hlaupahópnum sem er hluti af almennum íþróttum innan félagsins. Iðkendur þar eru yfir 40 talsins og eru þau virk í að brydda upp á starfið með alls kyns viðburðum líkt og Kampavíns og kjóla hlaupi, Jólakakó hlaupi og Gamlársbúningahlaupi. Starfið er allt árið í kring og hefur hópurinn verið duglegur að taka þátt í mánaðarlegum vetrarhlaupum á vegum deildarinnar sem og fjölmennt á skipulögð hlaup líkt og Mýrdalshlaupið yfir vor/sumar tímamann svo dæmi sé tekið. Fram undan er svo skipulag á utanvegshlaupi sem mun fara fram á Humarhátíð 2023 og bera nafnið Hlaupið fyrir Horn.

Jólin à Hafinu

23. DESEMBER

Tónleikar með Björkel

29. DESEMBER

Tónleikar með Spaghettíbandinu

30. DESEMBER

Jóla/áramótaball Hafsins

Hafið vil nota tækifærið og þakka fyrir viðskiptin á liðnu ári og óska viðskiptavinum og vinum Hafsins gleðilegra jóla sjáumst í jólastuði yfir hátíðarnar.



Hafið
KARTÖFLUHÚSÍÐ

Auga Solanders rannsóknastöð á Breiðamerkursandi

Þann 22. september s.l. var sjálfvirk rannsóknastöð – Auga Solanders – tekin í notkun á Breiðamerkursandi. Uppsetning og rekstur stöðvarinnar er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og IK Foundation sem leggur stöðina til. Frumkvæði að verkefninu kom frá sendiráði Svíþjóðar á Íslandi og er það liður í fjölþættri og viðamikilli dagskrá sendiráðsins til að minnast rannsóknaleiðangurs Svíans Daniels Solander til Íslands árið 1772, það er fyrir 250 árum. Hluti af þeirri dagskrá mun koma til Hornafjarðar á næsta ári, í formi myndlistarsýningar sem sett verður upp í Svavarssafni.

Daniel Solander var einn af lærisveinum Carls von Linné sem m.a. lagði grunn að flokkunarkerfi líffræðinnar sem enn er notað í dag. Að námi loknu dreifðust lærisveinar hans víða um heim og stunduðu vísindarannsóknir á mörgum svæðum sem áður höfðu legið ókennuð. Solanders er helst minnst fyrir rannsóknir hans í Eyjaálfu sem stóðu yfir um árabil og þykja mjög merkar. Ferð hans til Íslands sumarið 1772 var ákveðið „hliðarspor“ á ferlinum en mikilvægt engu að síður, sérstaklega þar sem hennar er gerð góð skil í bókinni Bréf frá Íslandi sem samferðamaður hans, Uno von Troil, ritaði og gaf út að ferð lokinni.

Auga Solanders er önnur rannsóknastöðin af þessum toga sem sett er upp á Norðurljóðum. Fyrsta stöðin var sett upp á Svalbarða fyrir þremur árum og sú næsta verður væntanlega staðsett í norðurhluta Svíþjóðar. Grunnhugmyndin á bak við starfsemi stöðvarinnar er að láta hana safna fjölbreyttum gögnum á afskekktum, villtum svæðum án þess að mannhöndin þurfi að koma þar nærri. Þannig væri hægt að afla upplýsinga um villta náttúru án þess að rannsóknastarfið sem slíkt hefði teljandi áhrif á þau fyrirbæri og ferla sem verið væri að kanna. Jafnframt býður slík gagnasöfnun upp á langtíma vöktun sem er mjög mikilvæg, ekki síst á svæðum sem taka örum breytingum af einhverjum ástæðum, til að mynda vegna hlýnunar loftslags á jörðinni.

Þegar áhugi kviknaði á því að setja upp rannsóknarstöð á Íslandi bárust böndin fljótt að Breiðamerkursandi. Eins og kunnugt er, þá varð stærsti hluti Sandsins hluti af Vatnajökulsþjóðgarði árið 2017 og er ótvírátt eitt af megindjásnum þjóðgarðsins. Breiðamerkursandur býr enda yfir margþættum verðmætum, bæði í náttúrfarslegu og menningarlegu tilliti. Eitt helsta verðmæti svæðisins felst í merkri jarðsögu þess sem hefur verið einkar vel skrásett, meðal annars af Snævarri Guðmundssyni, jöklajarðfræðingi hjá Náttúrustofu Suðausturlands. Á grunni



þessara rannsókna má byggja margvíslegar athuganir á öðrum fræðasviðum, ekki þá síst varðandi landnám og framvindu lífs á svæðum sem hafa komið undan jökli frá lokum Litlu ísaldar fyrir u.þ.b. 130 árum.

Hnattrænar loftslagsbreytingar eru megindrífkraftur þeirra breytinga sem orðið hafa á umræddu tímabili. Breiðamerkurjökull – fjórði stærsti skriðjökull Vatnajökuls – hefur hoptað hraðast allra jökla á Íslandi og við bráðnun hans koma stöðugt ný landsvæði í ljós undan jökli, auk þess sem sterk öfl sem bráðnunin leysir úr læðingi leika um Sandinn allan. Jöklum á Suðausturlandi hefur verið líkt við „lifandi kennslustofur“ um áhrif loftslagsbreytinga og Breiðamerkurjökull og allt sem hann hefur skapað í gegnum tíðina er þar einna fremstur meðal jafningja. Rannsóknir jafnt sem hversdagslega reynsla sýna okkur að lífið er ótrúlega fljótt að nema land sem kemur undan jökli. Með tímanum eykst bæði fjöldi og fjölbreytni lífvera á slíku landi og smám saman byggjast upp samfélög þeirra þar til ný og tiltölulega stöðug vistkerfi hafa orðið til.

Auga Solanders er staðsett á austanverðum Breiðamerkursandi, við norðurbakka víkur út úr Jökulsárlóni sem lengi var sjálfstætt lón, kennt við ána Stemma. Svæði þetta hefur ekki hlotið formlegt nafn en er ýmist kallað Hólmi (Stemmuhólmi) eða Jökulnes í daglegu tali. Hér kys ég að nota síðartöldu nafngiftina. Jökulnes er skilgreint sem óbyggt víðerni í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, en það þýðir, í einföldu máli, að svæðið fái að þróast í friði – það er samkvæmt náttúrlegum lögmálum og ferlum – án inngripa af völdum mannsins sem gætu haft veruleg áhrif á framvinduna. Stöðin er staðsett syðst á Jökulnesi, á svæði sem kom fyrst undan jökli á áttunda ártug síðustu aldar og hefur lífríki þess því verið í þróun í um það bil 50 ár. Eftir því sem norðar dregur á Jökulnesi, það er nær núverandi jökuljaðri, verður lífríkið yngra og yngra. Á hverju ári kemur svo æ meira „glænýtt“ land í ljós, að jafnaði



milli 200-300 metra breiður skíki.

Rannsóknasetrið á Hornafirði hefur umsjón með Auga Solanders fyrir hönd Háskóla Íslands. Jafnframt hefur verið myndaður þverfaglegur hópur innan H.Í. sem mun í sameiningu annast úrvinnslu þeirra fjölbreyttu gagna sem stöðin leggur til. Kjarnahópurinn samanstendur af Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur, prófessor í vistfræði, Benjamin Hennig, prófessor í landfræði og Finni Pálssyni, verkfræðingi og verkefnastjóra í jöklarannsóknnum, auk Þorvarðar Árnasonar og Kierans Baxters frá háskólasetrinu. Verkefnið er jafnframt unnið í samstarfi við Jöklaþóp Háskóla Íslands, Náttúrustofu Suðausturlands, Veðurstofu Íslands og Vatnajökulsþjóðgarð. Gögn stöðvarinnar eru í opnum aðgengi þannig að allir rannsakendur sem þess óska geta nálgast þau. Enn fremur er lögð mikil áhersla á að niðurstöður verkefnisins verði kynntar almenningi með margvíslegum hætti. Hægt er að fylgjast með stöðinni í rauntíma á vefslóðinni <https://www.ikfoundation.org/fieldstation/iceland/live/> og sjá þar m.a. myndir sem teknar eru samdægurs auk veðurfarsupplýsinga.

*Sendum íbúum, starfsfólki og
landsmönnum öllum okkar bestu
óskir um gleðileg jól og farsælt
komandi ár*

*Fyrir hönd bæjarstjórnar
Sigurjón Andrésson
bæjarstjóri*



SVEITARFÉLAGIÐ
HORNAFJÖRÐUR